

Umhverfis- og auðlindaráðuneyti  
b/t verkefnisstjórnar um rammaáætlun, Herdísar Schopka  
Skuggasundi 1  
IS-150 REYKJAVÍK

Reykjavík, 03.08.2016  
Tilvísun vor: 07.08

**Efni: Athugasemd við tillögu að flokkun R3107C Skatastaðavirkjun C, R3107D, Skatastaðavirkjun D og R3108A, Villinganesvirkjun.**

Með auglýsingu, dagsettri þann 11. maí 2016, óskaði verkefnisstjórn 3. áfanga rammaáætlunar eftir athugasemdum við tillögu að flokkun virkjunarkosta eigi síðar en 3. ágúst 2016. Samkvæmt tillögunni leggur verkefnisstjórnin til að Skatastaðavirkjun C og D ásamt Villinganesvirkjun verði raðað í verndarflokk.

Helstu rök fyrir verkefnisstjórnar fyrir flokkun þessara virkjunarkosta í verndarflokk eru:

- **Mjög hátt verðmætamat vegna náttúrufars og menningarminja.**

Niðurstaða verkefnisstjórnar um flokkun þessara 3 virkjunarkosta í verndarflokk á grundvelli verðmætamats þýðir í raun að allt vatnasvið Héraðsvatna, sé svo einstakt að þar megi hvorki reisa og reka vatnsaflsvirkjanir á svæðinu í náinni framtíð eða nýta jarðvarma, vindorku eða sólarorku á því til orkuvinnslu.

Í niðurstöðukafla í drögum að lokaskýrslu verkefnisstjórnar dags. 11 maí 2016 kemur fram að verkefnisstjórn telur sig geta flokkað ákveðin svæði í verndarflokk, heilu vatnasviðin út frá náttúruverndargildi eða menningarsögulegra minja. Í kafla 9.1, Aðferðarfræði segir m.a.;

*„ Aforðalagi 6. gr. laga nr. 48/2011 má ráða að flokkun landsvæða í verndarflokk hljóti annað hvort að byggjast á háu verndargildi viðkomandi svæðis, annað hvort m.t.t. náttúruverndar eða menningarsögulegra minja. Þessi flokkun ræðst því alfarið af verðmætamati svæða en ekki af áhrifaekinnum einstakra virkjunarkosta.“*

Sú tillaga að flokka allar virkjanir á vatnasviði Héraðsvatna í verndarflokk er að mati Landsvirkjunar og Héraðsvatna hf fráleit niðurstaða út frá faglegum sjónarmiðum og umdeilanleg út frá lagalegum sjónarmiðum. Fyrirtækin vísa frekar til almennra athugasemda Landsvirkjunar um fyrirliggjandi drög að lokaskýrslu verkefnisstjórnar 3. áfanga verndar- og orkunýtingaráætlunar hvað varðar almennar forsendur fyrir niðurstöðum verkefnisstjórnar.

Landsvirkjun gerði ekki athugasemdir við röðun Skatastaðavirkjunar B og C í öðrum áfanga rammaáætlunar. Fyrirtækið ásamt samstarfsaðila, Héraðsvötnum hf, svaraði hins vegar ítarlega athugasemdum sem faghópar 1 og 2 gerðu við yfirferð sína um gögn, og ályktanir sem af þeim voru dregnar um mat á áhrifum. Athugasemdirnar lutu m.a. að því hve mikið almennt náttúrugildi

svæðanna í grennd við virkjunarsvæðið í þrengri skilningi var látið veða, þótt virkjun hefði augljóslega lítil áhrif.

Landsvirkjun og Héraðsvötn hf mátu niðurstöðu faghópa 1 og 2 og flokkun verkefnisstjórnar í rammaáætlun 2 á þann veg að frekari upplýsingar og rannsóknir þyrftu að liggja fyrir varðandi nokkra veigamikla þætti við 3 áfanga til að unnt væri að fá niðurstöðu um flokkun virkjunarkosta. og þá einkum áhrif virkjunarkosta á hin miklu náttúrufars- og menningarverðmæti svæðisins.

Hér að neðan verður fjallað efnislega um einstaka efnislega þætti og þær rannsóknir, sem ráðist hefur verið í út frá niðurstöðum 2. áfanga rammaáætlunar. Með vísun til þess telur Landsvirkjun að verkefnisstjórn þurfi að fela faghópum 1 og 2 að fjalla um þessar athugasemdir og í framhaldi af því að endurskoða mat sitt bæði á svæðinu og áhrifum virkjanna og rökstyðja niðurstöður.

### **Athugasemdir við niðurstöðu faghóps 1.**

Í öðrum áfanga rammaáætlunar var heildareinkunn faghóps 1 fyrir verðmæti svæðisins metið mikið og fékk einkunnina 13,8-14,5 eftir því hvort viðföng voru með vogtölum eða ekki. Niðurstöður faghóps 1 í þriðja áfanga rammaáætlunar eru svipaðar, eða 15.6 miðað við ákveðnar vogtölur á þau viðföng sem voru til skoðunar.

Þó svo að setja megi spurningamerki við ýmsar einkunnir í virðismati faghópsins verður ekki fjallað frekar um þær niðurstöður, enda oft um huglægt mat hópsins eða einstakra sérfræðinga innan hans að ræða.

Faghópurinn fylgdi þeirri aðferðafræði sem hafði mótast í faghópi 1 í fyrsta og öðrum áfanga rammaáætlunar. Í niðurstöðum faghóps 1 í öðrum áfanga voru tilgreind nokkur áhersluatriði varðandi mat á verðmæti vatnasviðs Héraðsvatna, en þau voru talin eftirfarandi:

**Friðland:** votlendi við Miklavatn

**Náttúruminjar:** Orravatnsrústir og botn Vesturdals/Hofsárdals

**Tegund á valista:** margar fuglategundir og hreistursteinbrjótur

**Mikilvægar tegundir:** mikið varp heiðagæsa og grágæsa

**Búsvæði á lista Evrópuráðsins:** rústamýrar

**Náttúruverndaráætlun:** 2004-2008 og 2009-2013 Tillögur um að gera Orravatnsrústir að friðlandi og færa út mörkin. Gera Austara-Eylendið að friðlandi.

**Friðlýstar minjar:** Bæði í Austur- og Vesturdal og við Héraðsvötn og Hegranes.

Miðað við niðurstöður 2. áfanga rammaáætlunar virtist sem áhyggjur faghópsins beinast einna mest að flæðiengjum við Héraðsvötn, sem talið var að gætu verið í hættu ef virkjun yrði reist ofar á vatnasviði Héraðsvatna. Til að freista þess að greina þessi áhrif réðst Landsvirkjun og Héraðsvötn ehf í umfangsmiklar mælingar og myndkortagerð af svæðinu ásamt greiningu á samanagerð rennslis um svæðið fyrir og eftir virkjun. Var greinargerð um þessar niðurstöður skilað til faghóps 1 í desember 2015, en þessara grunnagna er ekki getið í skýrslu faghóps 1 eða niðurstöðum verkefnisstjórnar, hvorki í megintexta eða heimildarskrá. Þer að harma það að við þessa vinnu hafi ekki verið stuðst við nýjustu og fullkomnustu gögn og rannsóknir. Þá má einnig geta þess að ekki er í heimildarskrá getið um sérstakt minnisblað Náttúrufræðistofnunar Íslands (NÍ) um gróðurfar í grennd við fyrirhugað Bugalón, sem faghópurinn virðist ekki hafa skoðað í vinnu sinni.

Hér á eftir verður fjallað einstök viðföng faghópsins og verðmætamati hans. Megináhersla verður þó lögð á að leiða í ljós að áhrif áformaðar Skatastaða- og/eða Villinganesvirkjana eru hverfandi á þau verðmæti sem eru í húfi.

**Berggrunnur** á Hofsafreitt er kvarter og virkar eldstöðvar teygja sig inn á svæðið. Jarðhiti er norður af Laugafelli. Varðandi virkar eldstöðvar má nefna Tinnáreldstöðina í Nýjabæjarfjalli. Aðrennslisgöng Skatastaðavirkjunar fara um svæði þar sem gætir áhrifa frá bergmyndunum hennar. Þá má nefna eldstöðvar í Hofsjökli og í norðurjaðri hans, en þaðan hafa runnið hraun á nútíma (Kvíslahraun). Jarðhiti við Laugafell og volgrur sem koma fram í Hnjúkskvísl sunnan þess eru utan áhrifasvæðis virkjunar. **Engin áhrif eru af Skatastaða- og/eða Villinganesvirkjana á ofangreind svæði, sem teljast sérstök fyrir berggrunn svæðisins .**

**Jarðgrunnur:** Helstu áhrif voru talin varða auðgi og upplýsingagildi, auk upprunaleika. Helstu jarðminjar eru taldar vera jökuljaðar Hofsjökuls, Kvíslahraun, jökulgarður við Vesturbug, Rauðhólasandur og Klofnahæð, auk jarðhita við Laugafell. **Ekkert af þessum jarðminjum er í hættu af Skatastaða- og/eða Villinganesvirkjun.** Samkvæmt jarðgrunnskorti er jarðgrunnurinn að öðru leyti eins og gengur og gerist framan við jökla, þar sem jökulár hafa leikið um.

#### **Vatnagrunnur og vötn:**

**Vestari Jökulsá** á upptök í norðanverðum Hofsjökli, nánar tiltekið í þeim hluta hans sem kenndur er við Sátu. Afrennslissvæði hennar undir jökli tengist m.a. gamalli megineldstöð. Frá þessari megineldstöð gengur sprungusvæði, sem leiðir fram mikið grunnvatn sem smám saman bætist ánni eftir því sem neðar dregur og er Miðhlutará þekktasta afsprengi þess. Helsta þverá V-Jökulsár er Hofsá. Hún dregur að sér svolítið jökulvatn með Fossá sem áður getur, en er að öðru leyti bergvatnsá.

Allt hið merkilega vatnakerfi sem hér var nefnt verður ósnortið af Skatastaðavirkjun, að undanskildu jökulvatni Fossár, en í frumáætlun um virkjunina er gert ráð fyrir að veita jökulafrennslu Fossár til Bugalóns. Engin áhrif yrðu af Villinganesvirkjunar á þetta vatnakerfi.

**Austari Jökulsá** kemur að mestu frá NA-hluta Hofsjökuls. Austasta þveráin, Hnjúkskvísl er oftast jökulskotin er líður á sumarið, en er annars að mestu bergvatn, eins og Laugará og Strangilækur. Þessar ár koma allar til með að renna til Bugalóns skammt ofan þess sem þær hefðu annars sameinast jökulánni. Þessar þverár munu því að mestu halda upprunagildi sínu.

Enn norðar er veitt frá Geldingsá, Hölná og Fossá á Nýjabæjarfjalli. Upptakalindir þessara vatnsfalla munu að mestu halda sér, og einnig má benda á lindir sem þekktar eru neðan veitunnar sem margar koma upp í farveginum.

Austari Jökulsá tapar tæplega öllu sínu upprunagildi sem jökulsá, því að allar jökulkvíslar hennar hafa komið saman áður en hún rennur í lónið. Neðan Bugalóns verður rennslu árinna skert vegna vatnssöfnunar í lónið og neðan ármóta við Vestari Jökulsá verður rennslu Héraðsvatna nokkuð útjafnað yfir sumarið, en áhrifa vorflóða vegna leysingavatns af vatnasviði árinna neðan Bugalóns mun ekki breytast.

Lítið er um vötn á svæðinu, þau helstu eru Ásbjarnarvötn, Orravatn og Reyðarvatn, öll utan lónstæðis, en tvö þau síðastnefndu í nágrenni þess. Stórar tjarnir eru við Reyðarvatn, í

Orravatsnrústum, þótt flestar tjarnir þar séu smáar, og í Austurbug, en tjarnir við Austurbug eru nánast þær einu sem lenda innan lónsins. **Það er því ekki líklegt að Skatastaðavirkjun hafi umtalsverð áhrif á vatnalíf á hálandinu.** Engin áhrif yrðu af Villinganesvirkjun.

### **Fuglar.**

Á Hofsafrétt er fuglalíf að mestu bundið við gróðurlendi og samkvæmt skýrslum sérfræðinga er fuglavarp á melum lítið. Á svæðinu eru 13-15 tegundir varpfugla og engar sem teljast verulega sjaldgæfar og aðeins straumönd sem er á valista. Himbrimi verpir við Ásbjarnarvötn sem er líklega hæsta varp himbrima yfir sjó. Ásbjarnarvötn eru utan áhrifasvæðis virkjanna. Áhrif Bugalóns verða fyrst og fremst á algenga mófugla og minni á andfugla. Breytinga á rennsli Austari Jökulsár hefði þau áhrif að hún verður tærari og hitastig hækkar. Skilyrði til frumframleiðni gætu því batnað (líkt og í Blöndu). Bætt skilyrði til frumframleiðni gæti haft jákvæð áhrif á ofangreindar tegundir. Það er ekki líklegt að fuglalíf við ána verði fyrir umtalsverðum neikvæðum áhrifum.

Fuglalíf á láglandi Skagafjarðar er fjölbreytt og þar er fjöldi valistiategunda og nokkrar tegundir sem teljast sjaldgæfar á landsvísu. Friðland við Miklavatn og Skóga er með fjölbreyttu fuglalífi, sérstaklega vatna- og votlendisfuglum. Þá er austara Eylendið sömuleiðis tegundaríkt og á Náttúruverndaráætlun 2004-2008. Áhrif Skatastaðavirkjunar og/eða Villinganesvirkjunar á fuglalíf á láglandi Skagafjarðar byggist á því hvort og hve mikil áhrif virkjun hefur á vatnafar Héraðsvatna og votlendi tengt þeim, s.s. í Austara Eylendinu, Miklavatni, Skógum og víðar. Samkvæmt meðfylgjandi minnisblaði Verkís (2015-12-15) um flæðilönd við neðanverð Héraðsvötn kemur fram að vatnsstaða í flæðilöndum ræðst líklega ekki síður af úrkomu en af vatnsborði árinna. Þá er bent á að flæðilöndin eru nú þegar röskuð af tugum kílómetra af skurðum, m.a. innan Miklavatnsfriðlands og Austara Eylendis og hafa þessir skurðir talsverð áhrif á vatnsborð aðliggjandi votlendis. Bent er á að á síðustu árum hafa vötnin verið að hækka og aukið þannig hættuna á að áin flæði yfir í nýja farvegi, enda renna Héraðsvötn á löngum köflum hærra en aðliggjandi land, m.a. vegna varnargarða sem varna því að venjuleg flóð kaffæri láglandið vestan vatna. Fyrir vikið er ekkert einfalt samband á milli vatnstöðu í Héraðsvötnum og flæðilandanna. Verði af virkjun má ætla að botn árinna lækki með minni framburð, og með jafnara rennsli er auðveldara að beina rennsli frá ánni í voltendi og þannig beita mótvægisáðgerðum við möguleg áhrif á vatnafar, en þar er væntanlega við eigendur og núverandi nýtendur þessa lands að semja.

Áhrif virkjunar á flóð yrðu mest þegar kemur fram á sumar og varpi er lokið. Þannig gæti jafnara rennsli dregið úr hættu á að hreiður flæði, en í vorflóðum sem verða eftir að fuglavarp er hafið í maí sekkur mikið af hreiðrum votlendisfugla, s.s. andfugla og vaðfugla.

Af framansögðu má telja að ekki er líklegt að Skatastaðavirkjun eða Villinganesvirkjun hefðu mikil áhrif á fuglalíf á láglandi Skagafjarðar og með mótvægisáðgerðum mætti draga enn frekar úr líkum á því.

### **Fiskar.**

Bæði hátt verðmætamat og áhrifamat faghóps 1 fyrir fiska á vatnasviði Héraðsvatna er umhugsunarefni. Það er hugsanlegt að sjóbleikja gangi inn á Hofsafrétt. Annars er ekki líklegt að virkjun með jöfnun rennsli í A-Jökulsá og Héraðsvötnum hafi neikvæð áhrif á fiskgengd og ekki er ólíklegt að skilyrðin batni í Hofsá verði hún hreinsuð af jökulvatni og rennsli verði jafnara. Í mati faghóps 2 kom fram að um væri að tefla veiðar á um 1000-3000 sjóbleikjum og 200-500

sjóbirtingum. Áhrifin helgast af lokun gönguleiða(r), sem talin er skerða uppeldissvæði. Ástæðan er sögð vera þverun gönguleiðar með stíflun.

Stífla Bugalóns þverar A-Jökulsá í 630 m y.s. í um 100 km fjarlægð frá ósum Héraðsvatna (40-50 km frá ós A-Jökulsár í Héraðsvötnum). Það verður að teljast í meira lagi vafasamt að uppeldissvæði í þessari hæð hafi umtalsverð áhrif á veiði neðar í ánni. Þá virðist að ekkert tillit hafi verið tekið til að rennsli árinna neðan Bugalóns að frárennslisgöngum virkjunar verður langtímum saman tært linda- og leysingavatn, sem gefur möguleika á aukinni fiskgengd og auknu lífríki eins og reynslan frá Blöndu sýnir.

## Plöntur.

Skagafjarðavirkjanir fá hæstu einkunn allra vatnsaflsvirkjana bæði í verðmætaeinkunn svæðis og áhrifaekinn virkjunarkosta fyrir plöntulífríki.

Engar plöntur á valista eru í lónsstæði en tveir fundarstaðir finnugsstarar lenda þar undir. Hvorki aðrar sjaldgæfar tegundir né tegund á valista (hreistursteinbrjótur) virðast verða fyrir áhrifum af virkjun. Svæðið er talið fjölbreytt miðað við legu og hæð en þó ekki tegundafjölbreytt. Stórhvammur er nefndur sérstaklega sem hugsanlega hæsti vaxtarstaður birkis á landinu og einangrað búsvæði láglendistegunda. Ekki verður séð að virkjun Austari Jökulsár muni hafa áhrif á þessar tegundir þar sem áhrifa frá vatnsstöðu í ánni gætir lítið út frá bakka. Eins og kemur fram hér að ofan er ekki líklegt að jafnara rennsli í neðanverðum Héraðsvötnum valdi því að breytingar verði á gróðurfari svæðisins. **Að mati Landsvirkjunar gefa þessar háu einkunnir því ekki rétta mynd af vermæti gróðurs eða áhrifa virkjananna á plöntulíf svæðisins.**

## Smádýr í vatni.

Smádýralíf jökulánna er fábreytt en bergvatnsár í meðallagi lífríkar. Ekki er vitað um nein fágæt smádýr. Ásbjarnarvötn eru lífrík sem og Reyðarvatn og Orravatnsrústir, sem öll eru utan áhrifasvæðis virkjunar, en Austari-pollar lenda undir Bugalóni. Austari jökulsá minnkar og verður tærari og hitastig í henni gæti hækkað. Það ætti að leiða til aukinnar frumframleiðni í ánni með meðfylgjandi aukningu í smádýralífi. **Með því að gefa þessum virkjunum næsthæstu einkunn vatnsaflsvirkjana fyrir smádýralíf virðist ekki tekið tillit til ofangreindra staðreynda.**

## Vistkerfi og jarðvegur

Rústamýravistir eru meðal þeirra vistgerða sem hafa hvað mest verndargildi. Þær eru algengar á Hofsafrétt og sú þekktasta er Orravatnsrústir. Bugalón mun ekki hafa áhrif á Orravatnsrústir. Önnur rústasvæði eru í Vesturbug, Svörturústir og Grænalág sunnan og vestan lónstæðis og Austari pollar, en þær rústir færu undir vatn; en þar er um að ræða um 0,2 km<sup>2</sup> rústasvæði sem er um 4% af þeirri vistgerð í nágrenni lónstæðisins<sup>1</sup> en um 0,24% af kortlögðum rústum á Miðhálandinu, skv. úttekt Náttúrufræðistofnunar<sup>1</sup>. Þá má nefna nokkuð stórt rústasvæði sem kennt er við Stafnsvötn utar á afréttinni sem ekki verður fyrir neinum áhifum af virkjuninni. Aðrar vistgerðir sem fara undir Bugalón og eru með hátt verndargildi eru helst gilja- og lyngmóavist en um 1,7 km<sup>2</sup> af henni fara undir Bugalón, eða um 20% af þessari vist í nágrenni lónstæðisins. Lágstara- og hástaraflóavistir eru með háa einkunn en lítið fer af þessum vistum undir Bugalón.

<sup>1</sup> Guðmundur Guðjónsson og Rannveig Thoroddsen 2015. *Gróðurfar á rannsóknasvæði við fyrirhugað Bugalón*. Minnisblað. Unnið fyrir Landsvirkjun, nóvember 2015..

Votlendi á láglandi, bæði Miklavatn og svæði umhverfis það sem er friðlýst og Austara Eylendið sem er á náttúruverndaráætlun eru talin með víðfeðmustu flæðiengjum á landinu. Mat á áhrifum af virkjun mun byggjast á því hve miklu vatnsstaða í Héraðsvötnum ræður um vatnsstöðu í votlendinu í kring og einnig hver áhrif virkjunar Austari Jökulsár eru á vorflóð sem flæða yfir engjarnar og skilja eftir framburð. Aðrir áhrifaþættir eru úrkoma og sjávarstaða. Flæðilöndin eru nú þegar röskuð af tugum kílómetra af skurðum, m.a. innan Miklavatnsfriðlands og í Austara Eylendinu og hafa þessir skurðir talsverð áhrif á vatnsborð aðliggjandi votlendis. Það svæði sem ekki er sundurskorið liggur næst ströndinni beggja vegna Hegraness og þar þykir líklegt að úrkoma og bakvatnsáhrif frá sjávarstöðu ráði mun meiru en rennsli Héraðsvatna. *Sjá meðfylgjandi minnisblað frá Verkís 2015-12-15 á fylgiskjali 1.*

Melhólar við ósa Héraðsvatna gætu orðið fyrir áhrifum, bæði af hækkandi sjávarstöðu og af minnkandi framburði Héraðsvatna vegna Skatastaðavirkjunar. Í umhverfismati fyrir Villinganesvirkjun (VST 2001) kemur fram að með hækkun sjávarborðs um 2-3 mm á ári auk minnkandi framburðar, þar sem meginhluti aurburðar beggja jökulánna falli út í lóni þeirrar virkjunar muni ströndin geta hopað um 20-35 cm á ári. Skatastaðavirkjun snertir ekki framburð Vestari Jökulsár, sem færi nær allur óskertur til sjávar. Einungis framburður Austari árinna fellur út í Bugalóni, og með því er áætlað að skerðing á framburði yrði um 2/3 af því sem hefði orðið með Villinganesvirkjun., og hopun strandar sem því nemur hægari og mætti gera ráð fyrir að ströndin hopi um 13-23 cm á ári eða um 13-23 m á einni öld. Sjávarborð yrði því ekki komið að núverandi melhólum við ströndina eftir að virkjun hefur verið rekin í eina öld Vistgerðir eins og sandar og melhólar eru einnig frekar óstöðugar og breytilegt umhverfi og því óvíst hvernig þarna yrði umhorfs eftir eina öld.

### **Í ljósi ofanritaðs telur Landsvirkjun að áhrifaeinkunn fyrir jarðveg og vistkerfi sé alltof há í mati faghóps 1.**

#### **Menningarminjar**

Bæði í Vestur- og Austurdal eru fjölmargar minjar um fyrri byggð, en þær verða ekki fyrir áhrifum af virkjun. Hluti af Eyfirðingavegi, sem er í flokki samgönguminja, fer undir Bugalón.

Það sem vitað er nú er að minjar sem sjást á korti byggðu á gögnum frá fornleifavernd ættu ekki að skerðast vegna virkjunarinnar. Þær sem næst liggja eru Einirlækjarústir sem eru í um 2 km fjarlægð frá fyrirhuguðu stöðvarhúsi. Könnun fornleifa er meðal þess sem fer fram í hönnunarferli virkjana, en sá þáttur undirbúnings er nánast allur eftir, og ef eitthvað finnst sem nauðsynlegt er að hlífa, verður að venju forðast að raska þeim.

#### **Landslag og víðerni**

Lónsstæðið fellur ekki allt undir ósnortin víðerni í skilningi laga þar sem fjallvegur F752 sker það. Reyndar er landslag þannig á þessum slóðum að lónið verður óvída áberandi sýn. Vegagerð vegna framkvæmda gæti haft einhver áhrif á ósnortin víðerni. Lón og stíflur verða aðeins áberandi frá frekar þröngu sjónarhorni, stöðvarhús verður neðanjarðar og þau minni háttar stöðvarhúsmannvirki sem verða ofanjarðar snerta fyrst og fremst byggðalandslag í Austurdal og unnt er að draga mjög úr sýnileika þeirra. Ekki er langt frá virkjun í byggðalínu, en ekkert er hægt að segja um legu hennar á þessu stigi.

## Faghópur 2.

### Áhrif virkjana á ferðapjónustu, útivist og landbúnað.

#### Ferðamennska.

Áhrif Skatastaðavirkjunar á ferðamennsku skv. mati faghóps 2 í Rammaáætlun III helgast aðallega af áhrifum á Skagafjarðardali og Sprengisand. Öll mannvirki Skatastaðavirkjunar eru á svæði sem kennt er við Skagafjarðardali.

**Skagafjarðardalir** ná frá Héraðsvötnum þar sem áætlað er að frárennsli Skatavirkjunar komi út í ána að innri jaðri Bugalóns, eða eins og það teygir sig inn eftir Laugará, nærri Laugafellsskála og Hnjúkskvísl. Óljóst er hvort Laugafellsskáli telst til Skagafjarðardala eða Sprengisands, en hér er tekin sú afstaða að skálinn tilheyrir Skagafjarðardölum.

**Sprengisandur** er talinn frá Laugafellsskála rétt austur fyrir gatnamót Skagafjarðarleiðar og suður undir Nýjadal. Þessi hluti Sprengisands er umfram allt ferðaleið.

Skatastaðavirkjun hefur naumast nokkur áhrif á þá sem fara um Sprengisand áleiðis ofan í Skagafjörð fyrr en komið er út fyrir svæðið, þ.e. að Laugará, þar sem lónið kemur ekki til með að sjást fyrr. Þeir sem koma úr Skagafirði munu ekki verða varir við Skatastaðavirkjun fyrr en komið er að norðurjaðri Bugalóns. Eftir byggingu virkjunar og frágang á svæðinu kemur því lítið annað en lónið til með að sjást af þeirri leið, og naumast fyrr en komið er að því. Er ekki nokkuð vel í lagt að meira en helmingur af áhrifunum (afleiðingarstuðlinum) skuli koma frá áhrifum á leið um Sprengisand?

Sprengisandsleið verður væntanlega endurbyggð frá byggð í Vesturdal og inn að Laugafellsskála. Helsti farartálmi á þeirri leið er vegurinn frá Þorljótsstöðum og inn að Stafnsvötnum. Nú liggur leiðin framhjá Reyðarvatni, Orravatsnrústum og Vestari Pollum að brú yfir A-Jökulsá innanlega í lónstæðinu. Þeirri leið þarf að breyta. Þótt ekkert hafi verið ákveðið enn um nýja leið má benda á að vegna framkvæmda þarf að leggja vegi að stíflustæði og væntanlega að gera brú yfir Pollagil við stíflustæði til að þjónusta mannvirkjagerðina. Það liggur beinast við að leiðin verði lögð um auðnir austan við Reyðarfell þvert yfir vatnaskil milli Keldudalsdraga og Reyðarvatns“draga“. Sú leið yrði væntanlega hluti af nýrri leið framhjá lóninu, líklega inn á leiðina til Eyjafjarðar.

Rétt er að minna á að eitt af því sem talið er til áhrifa á náttúruverðmæti í mati á tegundir lífvera er bætt aðgengi að rústasvæðunum og Ásbjarnarvötnum. Breytt Skagafjarðarleið inn á Sprengisand dregur úr þeim áhyggjum.

**Veði:** Verðmætin eru talin talsverð og varða veiðar á um 1000-3000 sjóbleikjum og 200-500 sjóbirtingum (einkunn 3), og áhrifin á þau einnig talsverð (-3). Áhrifin helgast af lokun gönguleiða(r), sem talin er skerða uppeldissvæði. Ástæðan er sögð vera þverun gönguleiðar með stíflun.

Stífla Bugalóns þverar A-Jökulsá í 630 m y.s. í um 100 km fjarlægð frá ósum Héraðsvatna (40-50 km frá ós A-Jökulsár í Héraðsvötnum). Það verður að teljast í meira lagi vafasamt að uppeldissvæði í þessari hæð hafi umtalsverð áhrif á veiði neðar í ánni. Þá virðist við einkunnargjöf ekkert metið að rennsli árinna neðan Bugalóns að frárennslisgöngum virkjunar verður að langmestu leyti tært linda- og leysingavatn, sem gefur möguleika á aukinni fiskgengd og auknu lífríki eins og reynslan frá Blöndu á svæðinu ofan virkjunar þar hefur leitt í ljós á síðustu árum.

Virðingarfyllst

Óli C. B. Sveinsson

Óli Grétar Blöndal Sveinsson  
framkvæmdastjóri

Jón Ingimarsson

Jón Ingimarsson  
forstöðumaður

Fylgiskjal 1: Minnisblað Verkís dags. 2015-12-15 ásamt ítarlegum myndkortum og sniðum af flæðiengjum.



# SKATASTAÐAVIRKJUN

## MINNISBLAÐ

VERKNÚMER: 05124-001 DAGS.: 2015-12-15  
VERKHLUTI: 9 NR.: 20  
HÖFUNDUR: Hörn Hrafnadóttir og Þorbergur Steinn Leifsson / Verkís  
DREIFING: Helgi Bjarnason og Hákon Aðalsteinsson Landsvirkjun

### Málefni: Flæðilönd Héraðsvatna í Skagafirði og hugsanleg áhrif Skatastaðavirkjunará þau

Minnisblað þetta er ritað að beiðni Landsvirkjunar til að varpa frekara ljósi á möguleg áhrif Skatastaðavirkjunar á flæðilönd Héraðsvatna í Skagafirði. Aður hefur komið út minnisblað frá Verkís um sama málefni (dagsett 29. apríl 2010). Síðan þá hefur verið ráðist í loftmyndatöku af svæðinu með flygildi og nákvæma kortagerð, frekari heimildaöflun og greiningu rennslisgagna og kemur þetta minnisblað ásamt fylgiskjöllum því í stað eldra minnisblaðs.

Í grófum dráttum er niðurstaða vinnunnar sú að áhrif Skatastaðavirkjunar á flæðiengin verða í mesta lagi nokkur skv. einkunnarskala sem notaður er í mati á umhverfisáhrifum.

## 1 Stutt yfirlit yfir nokkra þætti í sögu Héraðsvatna

Í endurminningum Indriða Einarssonar (1972) kemur fram hvar vötnin runnu á mismunandi tímum og eru þær leiðir sýndar í viðauka 6.2. Þar sést að á Sturlungaöld (á 13. öldinni) runnu vötnin ofanverð vestan megin í dalnum framhjá Varmahlíð, sjá svörtu strikálínuna á kortinu. Neðanvert runnu þau hins vegar austan við Hegranes og þar til sjávar. Einnig kemur fram hjá Indriða að á Sturlungaöld virðast vötnin ekki hafa verið sá farartálmi sem síðar varð, enda jöklar mun minni þá.

Samkvæmt sömu heimild kemur fram að ofanverð Héraðsvötn hafi fært sig til austurs síðar, sjá bláu strikálínuna á kortinu og haldið sig austan við Hegranes allt til 1703. Þá urðu aftur breytingar og hluti vatnanna tók að renna vestan Hegraness eins og er enn í dag, sjá appelsínugulu strikálínurnar á kortinu.

Í Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns kemur fram að flæðiengin valda bændum búsifjum þar sem margoft kemur fram að fé er „*ekki óhætt fyrir foröðum, dýjum og kílum*“. Þetta eru í raun lýsingar á flæðiengjum þess tíma. Í þeirri bók kemur einnig fram að miklar breytingar hafa orðið á sumum jörðum (yfirreiðin á þessu svæði fór fram 1713 og 14) þar sem vötnin hafa brotið af tünnum og engjum. Einnig er algeng umkvörtun mikið sandfok en það er í takt við breytingar í öðrum landshlutum á sama tíma, m.a. Laxá í Aðaldal.

Í Jarðabókinni kemur einnig fram að allar jarðir frá Krossanesi að Ytra Vallholti liggja undir miklum ágangi Héraðsvatna á veturna sökum íss sem valda því að vötnin hlaupa yfir löndin. Orðrétt segir:

*"NB. Allar framanskriðar jarðir frá Krossanesi og hingað fyrir utan Ytra Vallholt liggja undir skaðvænlegum ágangi Hjeraðsvatna á vetur, þegar þau upp stíflast og hlaupa yfir löndin, so þau verða öll undir svelli og ísum hulin, so það bannar kvikfje oft bjargræði." Bls. 106.*


Síðan þetta var ritað hefur mikið vatn runnið til sjávar, varnargarðar verið reistir á nokkrum stöðum til að hindra landbrot og miklir ræsiskurðir grafnir til að auðvelda búrekstur. Að auki hafa vegir og brýr verið byggðar sem einnig hefta náttúrulega hegðun vatnanna. Þessir þættir hafa haft töluverð áhrif á vötnin og er nú svo komið að stór landsvæði liggja lægra en Héraðsvötnin sjálf. Slíkt getur gerst þegar ár eru að hlaða undir sig og hækka en geta ekki breytt um farveg vegna mannvirkja sem hindra eðlilegar

farvegsbreytingar samfara breyttri hæðarlegu árinna. Fjallað verður nánar um þessar hæðarbreytingar aftur í minnisblaðinu, og sjá má þversnið í flæðilöndin í viðauka 6.5.

## 2 Vatnafræði Héraðsvatna

Flatarmál vatnasviðs Héraðsvatna við Grundarstokk er áætlað um 2680 km<sup>2</sup>, samkvæmt gögnum Vatnamælinga. Vatnasviðið er sýnt í Viðauka 6.1. Auk þess renna nokkrar aðrar ár á flæðiengin og er Svartá þeirra stærst með um 400 km<sup>2</sup> vatnasvið.

Meðalrennsli í Héraðsvötnum við Grundarstokk er um 80 m<sup>3</sup>/s samkvæmt skýrslu Veðurstofu Íslands frá 2015 (Hilmar B. Hróðmarsson). Tíðnidreifing rennslisins má sjá á **Mynd 1**.



**Mynd 1** Daglegt rennsli Héraðsvatna samkvæmt ónákvæmum rennslislyklum. Meðalrennsli 80 m<sup>3</sup>/s.


Þrjár stórar ár leggja vatn til Héraðsvatna auk Svartár, þær eru Vestari-Jökulsá, Austari-Jökulsá og Norðurá. Eins og nöfnin bera með sér eru tvær þeirra jökulár. Allar bera þær með sér aur til Héraðsvatna og má í því sambandi ekki vanmeta Norðurá en farvegur hennar ber þess merki að þar er einnig mikið efni á ferðinni. Sögulegar heimildir benda til þess að bæði rennsli ána og aurburður hafi verið breytilegur á milli tímabila, því geta komið tímabil þar sem Héraðsvötn grafa sig aðeins og önnur þar sem þau hlaða undir sig miklum aur og flæmist um og breyta um farveg.

Á Íslandi spilar ísamyndun á oft stórt hlutverk í þróun þeirra og hegðun. Héraðsvötn eru ein þeirra áa. Heimildir sýna glögg að ísamyndun í ánni getur verið mikil og þegar tíðarfarar eru rýsjótt getur hún bæði bólgað upp og ístíflur myndast. Hvoru tveggja getur valdið því að vatn flæði útfyrir farveginn og breyti dalnum í flóa án þess að rennsli sé mjög mikið. Að auki eru heimildir fyrir þrepahlaupum og jakaburði niður Austari-Jökulsá en slík flóð hafa nokkrum sinnum skemmt kláfinn við Skatastaði. Slík flóð eru hins vegar aðeins rennslismikil í Jökulsánni sjálfri en dempast fljótt þegar niður á flæðilöndin kemur. Jakaburðurinn sem fylgir getur hins vegar aukið á stífluhættu á láglandi.

## 2.1 Flóð

Hvað er flóð? Út frá sjónarhóli rennismælisins er flóð þegar rennslíð er mest, þ.e. í mælieiningunni m<sup>3</sup>/s. Frá sjónarhóli bóndans og flæðilandanna er flóð þegar vatn liggur og rennur um land sem að jafnaði er ekki undir vatni.

Í fyrstu umferð við skoðun flóða í Héraðsvötnum var hin hefðbundna leið notuð og rennislitölur skoðaðar og mesta rennslí hvers árs árunna 1967 til 2014 fundið. Þessi flóð eru unnin út frá rennislíróðum frá Veðurstofu Íslands þar sem vatnshæðarmælingum er breytt yfir í rennslí með svokölluðum rennislílyklum. Að auki eru trúflanir t.d. vegna íss og hreinsunar mælitækja teknar út og lagfærðar. Ístruflanir eru töluverðar við Grundarstokk (mælistað Vhm77) að auki er mæli-



**Mynd 2** Dagsetning og stærð stærstu flóða hvers árs samkvæmt mælingum við Grundarstokk árin 1967 til 2014.

sniðið ekki stöðugt og lykjar því breytilegir eftir tímabilum og engar rennismælingar verið gerðar eftir 1993 til kvörðunar rennislílykils. Áreiðanleiki gagnanna er því ekki eins góður og á mælistöðum sem eru með stöðugra þver- og langsníð, litlar ístruflanir og undir stöðugu eftirliti með rennismælingum.


Þessi athugun sýndi að stærsta flóð hvers árs í Héraðsvötnum (m.v. m<sup>3</sup>/s) kemur í leysingum á vorin, aðallega í maí en einnig oft í júní. Einstaka sinnum koma stærstu flóð ársins utan þessa tíma, þrjú í desember, eitt í febrúar, eitt í mars og þrjú í apríl. Stærð þessara flóða og dreifingu þeirra á mánuði ársins má sjá á Mynd 2 sem græna punkta.

Flóðaheimildir, þar sem flæðilöndin fóru á kaf undir vatn, voru þvínæst skoðaðar en þar ber tímunum ekki saman við mesta rennslí í Héraðsvötnum. Af 24 flóðaheimildum á tímabilinu 1887-2014 sem fundust, áttu 13 sér stað að vetri til, 3 að hausti, 6 að vori og eitt að sumri<sup>1</sup>. Ekki fundust nánari lýsingar á þeim öllum en rauði þráðurinn var að ís stíflaði vötnin svo þau bólgnuðu upp og hlupu yfir í gamla farvegi eða flæddu yfir bakka sína. Meira að segja lýsing á vorflóði 5. júní 1949 greinir frá mjög köldu vori og samkvæmt Veðráttunni var frost og því ekki ólíklegt að ís hafi haft einhver áhrif. (Páll Jónsson, 2001 og Veðráttan júní 1949).

